

Reykjavík, 14. ágúst 2019

Niðurstaða um brot Landsbréfa hf. á 125. og 1. mgr. 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 28. júní 2019 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Landsbréf hf. hefðu brotið gegn 125. og 1. mgr. 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með því að gæta ekki að rannsóknar- og tilkynningarskyldu sinni við víðskipti milli sjóða innan Landsbréfa hf.

Um er að ræða fjögur víðskipti á milli sjóða hinn 25. október 2018 og ein víðskipti 6. nóvember 2018 þar sem tilteknir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir Landsbréfa hf. seldu skuldabréf útgefin af fagfjárfestingsjóðnum Landsbréf – BÚS I til fjárfestingarsjóðs í rekstri Landsbréfa hf. Umrædd skuldabréf höfðu verið tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (Nasdaq Iceland) og af þeim sökum féllu víðskipti með skuldabréfin undir gildissvið XIII. kafla vvl. Sem útgefandi skuldabréfanna hafði Landsbréf hf. stöðu fruminnherja í framangreindum víðskiptum. Af því leiddi að víðskiptin voru háð þeim reglum sem gilda um víðskipti fruminnherja, þ.m.t. 125. gr. og 1. mgr. 126. gr. vvl. Landsbréfum hf. bar því fyrir hver og ein ofangreindra víðskipta að fullnægja rannsóknarskyldu sinni, sbr. 125. gr. vvl., og að uppfylla tilkynningarskyldu sína með því að senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um víðskipti með eigin bréf í samræmi við 1. mgr. 126. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið ákvað að gera Landsbréfum hf. ekki stjórnvaldssekt vegna brotanna. Byggði sú ákvörðun á því að ekki var um að ræða víðskipti fruminnherja sem Landsbréfum hf. væri skylt að birta opinberlega samkvæmt 127. gr. vvl., ljóst var að sami lögaðili færi áfram með forræði þeirra skuldabréfa sem um ræddi og félagið upplýsti Fjármálaeftirlitið um brotin.